



Nefndasvið Alþingis
b.t. utanríkismálanefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 27. nóvember 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um tillögu til þingsályktunar um stefnu í varnar- og öryggismálum, 215. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnu í varnar- og öryggismálum, 157. löggjafarþing, 215. mál. Um er að ræða heildstæða stefnu þar sem markmiðið er að tryggja samþætta nálgun í öryggis- og varnarmálum. SI taka undir meginmarkmið tillögunnar um að tryggja öryggi landsins með virkri samvinnu innan Atlantshafsbandalagsins (NATO) og varnarsamningi við Bandaríkin, efla samstarf við Evrópusambandið og önnur samstarfsríki samhliða uppbyggingu á innlendum viðbúnaði og getu. Breytt alþjóðlegt umhverfi, tækniþróun og nýjar ógnir kalla á endurmat á hlutverki iðnaðar í að tryggja öryggi og sjálfstæði ríkja. Aðkoma íslensks iðnaðar við framkvæmd stefnunnar er víðtæk og má þar helst nefna uppbyggingu og viðhald traustra innviða, þróun og nýting tæknilausna og framleiðslu sem styður við sjálfstæði og stöðugleika þjóðarinnar.

Samtökin vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við einstök atriði stefnunnar hér í framhaldi.

Auknar fjárfestingar til varnartengdra verkefna og innviða

Samtökin fagna 5. lið stefnunnar um auknar fjárveitingar til varnartengdra verkefna og innviða í þeim tilgangi að auka viðnámsþrótt þjóðarinnar. Er áherslan í samræmi við kröfu NATO um aukin framlög aðildarríkja til varnarmála. Fyrir liggur að farið verður í umfangsmiklar framkvæmdir hérlandis á næstu misserum og má þar nefna hafnarmannvirki, flugvallainnviði, birgðargeymslur og tækni- og samskiptabúnað svo eitthvað sé nefnt. Slík uppbygging kallar á stórauðna framkvæmdargetu byggingariðnaðarins og fjölbreyttar tæknilausnir. Samtökin leggja áherslu á að við framkvæmd fyrirhugaðra verkefna verði horft til þess að virkja innlenda þekkingu og mannauð eins og kostur er. Tryggir það hagkvæmni og skilvirkni ásamt því að styðja við þróun sérfræðiþekkingar í mannvirkja- og tæknigreinum.

Samtökin undirstrika mikilvægi framlagningu langtímaáætlana vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fyrirsjáanaleiki er lykilatriði til þess að bæði hið opinbera sem og íslensk iðnfyrirtæki geti undirbúið sig með fullnægjandi hætti. Mikilvægt er að vandað verði til verka hvað varðar innkaup við fyrirhugaðar framkvæmdir. Þar leikur hið opinbera lykilhlutverk við gerð útboða og framkvæmd þeirra. Til þess að stuðla að auknum fyrirsjáanleika þurfa innkaupaaðilar, svo sem Framkvæmdasýsla ríkiseigna, að huga að undirbúningi tímanlega, verktíma og vönduðum lýsingum. Slíkur fyrirsjáanleiki er nauðsynlegur til þess að fyrirtæki búi yfir sérhæfðum mannauð, hafi svigrúm til að fjárfesta í viðeigandi búnaði og tryggja



aðfangakeðjur í framleiðslu sinni. Með auknum undirbúningi fær hið opinbera bestu mögulegu lausn, vöru og/eða þjónustu sem er í boði hverju sinni. Aðkoma íslenskra iðnfyrirtækja er afar mikilvæg í þessu samhengi og því er lykilatriði að þau séu vel upplýst og gagnsæi ríki um hvaða verkefni eru í forgrunni hverju sinni. Þá munu aðrir innkaupaaðilar svo sem Innkaupa- og þjónustustofnun NATO (e. Nato Support and Procurement Agency), Upplýsingatæknistofnun NATO (e. NATO Communications and Information Agency) og Bandaríska varnamálaráðuneytið (e. Naval Facilities Engineering Systems Command) standa að útboðum í tengslum við framtíðarverkefni. Ofangreindir innkaupaaðilar gera oft á tíðum ríkari kröfur um vernd trúnaðarupplýsinga, öryggisvottanir og öryggisviðurkenningar á sviði öryggis- og varnarmála, sem geta reynst áskorun í framkvæmd fyrir íslensk fyrirtæki. Samtökin hvetja til þess að aukið verði við fræðslu og miðlun á sviði innkaupa, á það við um opinberar stofnanir sem munu koma til með að halda utan um framkvæmd útboða jafnt sem atvinnulífið.

Geta til að mæta öryggisáskorunum

Fjallað er um innlenda getu til að takast á við öryggisáskoranir í 6. lið stefnunnar, í umfjöllun um þann lið stefnunnar er fjallað um fjölþáttaógnir og netöryggi. SI taka undir mikilvægi þess að efla netvarnir og styrkja CERT-IS. Öflugt netöryggi er forsenda þess að atvinnulífið geti starfað eðlilega og að mikilvægir innviðir séu varðir, þ.m.t. gagnatengingar og styrking þeirra. Samstarf stjórnvalda og einkaaðila er lykilatriði í þessum efnum, enda eru margir mikilvægir stafrænir innviðir í eigu einkaaðila. SI hvetja til þess að íslensk tæknifyrirtæki hafi aðgengi að upplýsingum og þarfagreiningu til þess að stuðla sem best að þróun lausna til að mæta fjölþáttaógunum. Auk netöryggis, er mikilvægt að unnið verði að eflingu orkuinnviða, samgöngum og matvælaöryggis í samráði við atvinnulíf.

Tækni með tvíþætt notagildi

SI leggja áherslu á að tvíþætt tækni verði skilgreind sem lykilstoð í innleiðingu varnar- og öryggisstefnu Íslands. Ísland byggir öryggi sitt á tæknilegri getu, áfallapoli og samstarfi við bandalagsríki, og því er brýnt að tækni og hugbúnaður sem nýtist bæði í borgaralegum og öryggistengdum verkefnum fái skýrara hlutverk í framkvæmd stefnunnar. Í tillögunni er lögð áhersla á að efla nýsköpun, styrkja iðnað og bæta aðgengi fyrirtækja að samstarfi og fjármögnun innan NATO og Evrópu, m.a. með þátttöku í DIANA-hraðlinum og nýsköpunarsjóði Atlantshafsbandalagsins. Þetta eru tækifæri sem íslensk fyrirtæki eru vel í stakk búin til að nýta.

Á Íslandi starfar nú fjölbreyttur hópur fyrirtækja sem þróar lausnir á sviði hugbúnaðar, netöryggis, gervigreindar, orkukerfa, ómannaðra farartækja, innviðaverndar, vettvangstækni fyrir krefjandi aðstæður og heilbrigðistækni. Þessi fyrirtæki búa yfir sérþekkingu sem fellur vel að forgangssviðum bandalagsríkja og geta bæði styrkt getu innlendra öryggis- og neyðarstofnana og aukið þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi. Mikilvægt er að mótað verði skýrt innkaupaferli hjá opinberum stofnunum þannig að innlend fyrirtæki hafi raunhæfan aðgang að heimamarkaði og geti þróað og prófað lausnir sem síðar nýtast í útflutningi.

Samtökin telja jafnframt nauðsynlegt að komið verði á samhæfðum samstarfsvettvangi stjórnvalda og atvinnulífs til að styðja við fræðslu, nýtingu alþjóðlegra fjármögnunarleiða og tengingu íslenskra fyrirtækja við samstarfsverkefni innan NATO og Evrópu. Ísland hefur einstaka möguleika til að verða prófunarvettvangur fyrir tækni í krefjandi aðstæðum, og með markvissum stuðningi getur tvíþætt tækni orðið mikilvægt framlag í öryggi landsins og verðmætasköpunar til framtíðar. SI hvetur því til að lögð verði fram skýr framkvæmdaráætlun um hvernig stjórnvöld hyggjast styðja við uppbyggingu og notkun tvíþættrar tækni á næstu árum.



Lokaorð

Til að markmið stefnunnar um samþættingu í nálgun á varnar- og öryggismálum nái fram að ganga er nauðsynlegt að stjórnvöld eigi virkt samráð við atvinnulífið. Samtökin hvetja til þess að við gerð aðgerðaáætlunar, sem boðuð er í kjölfar stefnunnar, verði horft til þess hvernig íslensk fyrirtæki geti sem best stutt við markmiðin. Einungis með þeim hætti geta iðnfyrirtæki lagt sitt af mörkum og verið enn betur í stakk búin til að takast á við óvænta atburði í samvinnu við stjórnvöld og aðra hagaðila.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Lilja Björk Guðmundsdóttir'.

Lilja Björk Guðmundsdóttir,
yfirlögfræðingur